



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd

Kópavogi, 10.október 2025.  
Málsnr. 1910005/PBG

## **Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um frumvarp til fjárlaga 2025, 1. mál.**

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) vilja með umsögn þessari um frumvarp til fjárlaga 2025 leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti:

### **Samgöngusáttmálinn**

Uppfærslu Samgöngusáttmálans er lokið með gerð viðauka við sáttmálann og samkomulags um rekstur almenningssamgangna og fleiri þátta sem uppfærslan fjallaði um. Ekki verður annað séð en fjármögnun viðaukans og samkomulagsins eigi sér stoð í fjárlögum ársins 2025. Er því fagnað sérstaklega. Bent er á að horfa þarf til hækkandi verðlags þegar framlög eru sett fram í áætlunagerð og fjárlögum ríkisins.

### **Kostnaðar- og ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk**

Fyrir liggur áfangaskýrsla II sem er sjálfstætt framhald áfangaskýrslu I um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk. Eins og fram kemur í skýrslunni (bls 8) „*eru mörk ábyrgðar milli ríkis og sveitarfélaga í sértækri þjónustu og þegar um umfangsmiklar stuðningsþarfir er að ræða óljós. Þessi staða hefur skapað óvissu og óþarfa flækjustig við framkvæmd þjónustunnar og dregið úr skilvirkni og árangri. Forsendur sveitarfélaga til þess að sinna mjög sérhæfðri og kostnaðarsamri þjónustu eru afar mismunandi. Til þess að tryggja enn frekar samræmi og gæði þjónustunnar eru lagðar fram tillögur um að tiltekin málavið, þar sem umfangsmikillar og sérhæfðrar þjónustu er þörf, verði á ábyrgð ríkisins. Þjónustustigin yrðu þrjú, þ.e. fyrsta stigs þjónusta (almenn félagsþjónusta), annars stigs þjónusta (sértæk þjónusta fyrir fatlað fólk) sem yrði á ábyrgð sveitarfélaga og þriðja stigs þjónusta á tilteknum málaviðum, sem yrði þá á ábyrgð ríkisins“.* Með því tekur ríkið alfarið ábyrgð á þjónustu til tiltekinna málaviða á þriðja stigi. Einkum á þetta við málaflokka sem snúa að börnum og ungmennum með fjölþættan vanda, fatlað fólk 18 ára og eldra sem metið er í þörf fyrir að sæta öryggisráðstöfunum og fatlað fólk 60 ára og yngra sem býr á hjúkrunarheimilum. Með framangreint að leiðarljósi liggur fyrir í skýrslunni og að tillögu starfshópsins að ríkið taki að sér fjármögnun þeirrar þjónustu sem



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

um ræðir í breyttu fyrirkomulagi, eða alls um 5 milljarða kr (sjá töflu bls 11 í skýrslunni og hér í viðauka).

Málið og skýrslan var til umfjöllunar á fundi stjórnar SSH þann 7. október sl. og gerir stjórnin skýra kröfu um að þessar niðurstöður skýrslunnar og starfshópsins fái skýra stoð í fjárlögum ríkisins og fjármálaáætlunum næstu ára.

### **Gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum**

Með lögum nr. 75/2024 um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga var kveðið á um að við tekjur Jöfnunarsjóðs bætist árlegt framlag úr ríkissjóði sem sjóðurinn úthluti til þeirra sveitarfélaga sem bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs nemi 75% kostnaðar vegna skólamáltíða allra grunnskólabarna. SSH vilja áréttta þörf þess að gert sé ráð fyrir þessum kostnaði í fjárlögum svo og því að fjárhæð framlagsins fylgi raunkostnaði og verðlagsbreytingum hverju sinni. Er þá rétt að taka fram að aðeins er gert ráð fyrir greiðslu þessa framlags út árið 2027 og óljóst hvað tekur við eftir þann tíma. Hins vegar má ætla að sveitarfélögunum muni reynast örðugt að taka upp gjaldtöku að nýju eftir þann tíma og því þarf að tryggja framangreinda tilhögun til framtíðar.

Virðingarfyllst,  
f.h. SSH

Páll Björgvin Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri SSH



Viðauki:

**Tafla 1. Upplýsingar um kostnað vegna tillagna starfshóps í m.kr. vegna barna með fjölþættan vanda, einstaklinga sem þarfnast öryggisþjónustu, ungra hjúkrunarsjúklinga og einstaklinga sem óskað hafa eftir sértæku húsnæði.**

| Hópur/þjónusta                               | Núverandi fyrirkomulag |              |             | Breytt fyrirkomulag |              |             |                | Ófjármag./Ríki |            | Ófjármag./Svf. |            |
|--|------------------------|--------------|-------------|---------------------|--------------|-------------|----------------|----------------|------------|----------------|------------|
|  | Rkst. gjöld            | Kostn. ríkis | Kostn. svf. | Framt. kostn        | Kostn. ríkis | Kostn. svf. | Áætl. fjárfest | Rekst. gjöld   | Fjár- fest | Rekst. gjöld   | Fjár- fest |
| Börn og ungmenni m. fjölþættan vanda         | 3.400                  | 500          | 2.900       | 3.000               | 3.000        | -           | -              | 2.500          | 0          | -              | -          |
| Öryggisráðstafanir                           | 1.200                  | 1.200        | 0           | 1.860               | 1.860        | -           | 1.663          | 1.260          | 1.063      | -              | -          |
| Ungt fatlað fólk á hjúkrunarheimilum         | 140                    | 140          | 0           | 282                 | 282          | -           | 675            | 282            | 675        | -              | -          |
| Einstaklingar sem óska eftir sértæku húsnæði | -                      | -            | -           | 5.585               | -            | 5.585       | 9.157          | -              | -          | Óvissa         | -          |

Viðauki 1.